

DKG IOTA deild.

Fyrsti fundur starfsársins 2021-2022 haldinn í Grunnskólanum á Þingeyri 5. október 2021 kl. 18:30.

Mættar voru 12 konur.

1. Barbara formaður setti fundinn, kveikti á kertum og bauð konur velkomnar.
2. Barbara fór yfir ýmis mál:
 - a. Sagði stuttlega frá framkvæmdaráðsfundi sem hún sótti í fjarfundi í byrjun september. Þar var m.a kynnt þema þessa starfsárs sem er *Lærum og leiðum*.
 - b. Rætt um félagatalið og þá staðreynd að það fækkaði um 7 konur hjá okkur frá því í vor. Ýmsar skýringar á því, flutningar, nám og persónulegar ástæður. Það er áskorun til okkar allra að finna nýjar og öflugar konur til þess að styrkja starfið hjá okkur.
 - c. Kom á framfæri að vorráðstefnan verður í Reykjavík og konur mættu gjarnan huga að þátttöku þar.
3. Matur - Jónína Hrönn og Kristín buðu upp á grænmetissúpu og brauð.
4. *Inn er eina leiðin út*. Erindi frá Aðalbjörgu Helgadóttur sem var með okkur í gegnum Zoom. Hún kynnti samskiptaboðorðin og fjallaði um áhrifin sem aðstæðurnar undanfarna mánuði hafa skapað á samskipti í starfi og einkalífi og benti á hjálplegar leiðir og bjargráð í því sambandi sem hver og ein getur tileinkað sér svo að aðstæðurnar leiði til valdeflingar og vellíðanar.
5. Skoðunarferð þar sem Jónína Hrönn og Kristín sýndu skólahúsnæðið.
6. Orð til umhugsunar – Arna Sæmundsdóttir. Hún sagði frá leiðsagnarnámi sem verið er að innleiða í skólum og hugmyndunum sem það felur í sér. Nokkrar umræður og vangaveltur urðu um nám, kennslu og fleira.
7. Önnur mál:
 - a. Rætt um fundartíma í vetur og hvort einhver vikudagur er betri en annar. Ákveðið að setja könnun á facebook þar sem konur geta látið skoðun sína í ljós.
 - b. Varpað fram hvort ætti að hafa síðasta fund vetrarins í Heydal. Konur tóku mjög jákvætt í það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:45.